

Lykilatriði á sviði sérkennslu

Leiðarvísir fyrir stefnumótandi aðila



Lykilatriði á sviði sérkennslu

Leiðarvísir fyrir
stefnumótandi aðila



Þessi skýrsla veitir yfirlit yfir stefnumótandi málefni og er unnin upp úr ýmsum ritum Evrópumíðstöðvarinnar. Öll heimildarrit hennar er að finna á vefsetri Evrópumíðstöðvarinnar: www.european-agency.org

Leyfilegt er að nota útdrætti úr skýrslunni að því tilskildu að heimildar sé greinilega getið.

Þessi skýrsla er fánleg á rafrænu vinnsluformi og á fleiri tungumálum til að sem auðveldast sé að nálgast upplýsingarnar.

Rafrænar útgáfur þessarar skýrslu eru fánlegar á vefsetri Evrópumíðstöðvarinnar: www.european-agency.org

Skýrslan var unnin af:

Lucie Bauer, í fulltrúaráði Evrópumíðstöðvarinnar, Austurríki
Guðna Olgeirssyni, í fulltrúaráði Evrópumíðstöðvarinnar, Íslandi
Filomena Pereira, í fulltrúaráði Evrópumíðstöðvarinnar, Portúgal
Christine Pluhar, í fulltrúaráði Evrópumíðstöðvarinnar, Þýskalandi
Phil Snell, í fulltrúaráði Evrópumíðstöðvarinnar, Bretlandi
Ritstjóri: Amanda Watkins, verkefnisstjóri, Evrópumíðstöðinni fyrir þróun í sérkennslu

ISBN: 87-91350-74-3 (rafræn útgáfa)

ISBN: 87-91350-60-3 (prentuð útgáfa)

2003

Evrópumíðstöðin fyrir þróun í sérkennslu

| | |
|---|---|
| <p><i>Aðalskrifstofa:</i> Østre Stationsvej 33 DK-5000 Odense C Danmörk Sími: +45 64 41 00 20 Bréfsími: +45 64 41 23 03 Netfang: secretariat@european-agency.org</p> | <p><i>Skrifstofa í Brussel:</i> 3, Avenue Palmerston B-1000 Brussel Sími: +32 2 280 33 59 Bréfsími: +32 2 280 17 88 Netfang: brussels.office@european-agency.org</p> |
|---|---|

Veffang: www.european-agency.org

EFNISYFIRLIT

| | |
|---|-----------|
| 1. HLUTI: INNGANGUR..... | 4 |
| 2. HLUTI: LYKILATRÍÐI..... | 6 |
| <i>Lagarammi og stefna sem styður nám án aðgreiningar.....</i> | <i>6</i> |
| <i>Fjárhagslegt fyrirkomulag sem stuðlar að námi án aðgreiningar</i> | <i>7</i> |
| <i>Skilvirkt fyrirkomulag við eftirlit, mat og varðandi ábyrgðarskyldu.....</i> | <i>8</i> |
| <i>Aukið aðgengi og fleiri tækifæri.....</i> | <i>8</i> |
| <i>Þættir í stefnumótun sem þarf að skoða í framtíðinni.....</i> | <i>10</i> |
| 3. HLUTI: NIÐURSTÖÐUR UM STEFNU Á EFNISTENGDUM SVIÐUM..... | 12 |
| <i>Nám án aðgreiningar í Evrópu.....</i> | <i>12</i> |
| <i>Fjárveitingar.....</i> | <i>13</i> |
| <i>Starfið í kennslustofunni.....</i> | <i>15</i> |
| 4. HLUTI: EVRÓPUMÍÐSTÖÐIN..... | 18 |
| 5. HLUTI: TILVÍSANIR OG HEIMILDIR..... | 20 |
| 6. HLUTI: NÁNARI UPPLÝSINGAR..... | 22 |

1. HLUTI: INNGANGUR

Í þessu riti eru lagðar fram tillögur varðandi þá lykilþætti á sviði stefnumótunar í sérkennslu sem virðast hafa skilað árangri fyrir nemendur með sérþarfir sem stunda nám án aðgreiningar í almennum skólum. Stefnumótandi aðilar á sviði menntamála hafa unnið þessa skýrslu til að veita evrópskum starfsbræðrum sínum yfirlit yfir þær niðurstöður sem liggja fyrir á þessu sviði í því efnistengda starfi sem hingað til hefur farið fram hjá Evrópumíðstöðinni fyrir þróun í sérkennslu (nánari upplýsingar um starf Evrópumíðstöðvarinnar er að finna í 4. hluta).

Þessu starfi hefur verið framfylgt með víðtækri verkefnavinnu, sem öll löndin sem aðild eiga að Evrópumíðstöðinni hafa almennt tekið þátt í.¹ Aðildarlöndin völdu verkefnin og þau endurspegla bæði áhuga þeirra og hagsmunamál. Ýmsum aðferðum var beitt í verkefnavinnunni (notaðir voru spurningalistar, farið var yfir útgáfuefni hvers lands og sérfræðingar viðkomandi landa hittust til gagnkvæmra skoðanaskipta) og það skilaði sér í ýmsum útgáfum (prentuðum skjölum og rafrænum skýrslum og gögnum). Lista yfir efni sem hér er fjallað um er að finna í 5. hluta – Tilvísanir og heimildir.

Öll Evrópulöndin viðurkenna að nám án aðgreiningar – eða eins og það er orðað í Lúxemborgar-stofnskránni (1996), *Skóli fyrir alla* – sé afar mikilvæg undirstaða þess að tryggja fólki með sérþarfir jöfn tækifæri á öllum sviðum (í námi, starfsmenntun, starfi og félagslífi). Nám án aðgreiningar krefst þess að menntakerfin séu sveigjanleg og komi til móts við ólíkar og oft margþættar þarfir einstakra nemenda.

Í hverju verkefni hefur verið lögð áhersla á tiltekin sjónarmið varðandi nám án aðgreiningar sem veitir öllum nemendum jafnt og ótakmarkað aðgengi að námi í sveitarfélagi sínu. Þó ber að

1 Í ársbyrjun 2003 áttu eftirtalin lönd aðild að Evrópumíðstöðinni: Austurríki, Belgía (flæmskumælandi hluti), Belgía (frönskumælandi hluti), Danmörk, Finnland, Frakkland, Þýskaland, Grikkland, Ísland, Írland, Ítalía, Lúxemborg, Hollandi, Noregur, Portúgal, Spánn, Svíþjóð, Sviss og Bretland. Tékkland, Eistland, Lettland og Litháen áttu áheyrnarfulltrúa.



gæta þess að aðstæður varðandi nám án aðgreiningar eru mismunandi í viðkomandi löndum. Sem dæmi má nefna að fjöldi nemenda með sérþarfir í skyldunámi er afar mismunandi í löndunum – innan við 1% sums staðar og yfir 10% annars staðar. Hlutfall nemenda með sérþarfir í sérskólum og sérdeildum er einnig afar mismunandi, í sumum löndum er innan við 1% allra nemenda í sérskólum og sérdeildum en annars staðar yfir 4%. Þessi mismunur endurspeglar fremur mismunandi matsaðferðir og fjárveitingar en mismunandi útbreiðslu sérþarfa í viðkomandi löndum.

Enda þótt aðstæður varðandi nám án aðgreiningar séu mismunandi hefur verið hægt að draga saman nokkur **lykilatriði** varðandi stefnu á þessu sviði og lýsa þeim **niðurstöðum** sem fram koma í verkefnum Evrópumíðstöðvarinnar. Gerð er grein fyrir þessum lykilatriðum og niðurstöðum í 2. og 3. hluta.

2. HLUTI: LYKILATRÍÐI

Þær reglur sem fjallað er um í þessum hluta endurspeгла almenn stefnumál á sviði náms án aðgreiningar sem virðast, samkvæmt rannsóknum Evrópumíðstöðvarinnar, skapa ríkan grundvöll fyrir því að vegur náms án aðgreiningar verði aukinn.

Lagarammi og stefna sem styður nám án aðgreiningar

Löggjöf á sviði menntamála ætti hvarvetna að hafa nám án aðgreiningar að markmiði. Löggjöfin ætti að hafa aðgerðir í för með sér sem hraða því þróunarferli að nám án aðgreiningar verði að veruleika. Fyrst og fremst ætti sami lagaramminn að ná til alls skyldunáms í skóla.

Stjórnvöld ættu að hafa vel skilgreinda og kynnta stefnu varðandi nám án aðgreiningar. Við innleiðingu á námi án aðgreiningar ættu stjórnvöld að gera öllum aðilum menntasamfélagsins ljósa grein fyrir markmiði slíkrar stefnu.

Stefna í menntamálum ætti að:

- taka tillit til sérþarfa nemenda við áætlanagerð, fjárveitingu og framsetningu, útfærslu og mat á öllum kennsluháttum;
- byggjast á þeirri hugmyndafræði að stuðlað skuli að námi án aðgreiningar og komið til móts við einstaklingsbundnar þarfir nemenda í öllum menntageirum;
- hafa þann sveigjanleika að geta tekið tillit til staðbundinna aðstæðna;
- fylgja eftir áfangabundinni þróun á sviði náms án aðgreiningar. Í skammtímaáætlun ætti að gera ráð fyrir viðtekinni, sérstakri aðgerðaráætlun eða aðferð innan almennrar stefnu; í næsta skrefi ætti nám án aðgreiningar að vera hluti almennrar stefnu; sem langtímaáætlun ætti nám án aðgreiningar að vera sjálfsagður liður í menntastefnu og áætlunum;
- vera stígbundin og þverfagleg og hvetja með virkum

hætti til þverfaglegar samvinnu. Stefnumótandi aðilar á mennta-, heilbrigðis- og félagsmálasviði verða að hafa samstarf um að móta stefnur og áætlanir sem jafnt á landsvísu og innan sveitarfélaga auðvelda og styðja þverfaglegt starf með virkum hætti á leikskólastigi, í skyldunámi, í umskiptaferli úr skóla og út í atvinnulíf og í námi að loknu skyldunámi, einkum innan æðri menntastofnana;

- hafa til hliðsjónar alþjóðleg stefnumál og starfsemi, einkum ber að taka tillit til stefnu og starfsemi í Evrópu við stefnumótun á landsvísu. Slíkt mun tryggja að nemendur með sérþarfir hafi aðgang að hvers kyns úrræðum og möguleikum fyrir tilstuðlan upplýsingastarfsemi um menntaáætlanir Evrópusambandsins (svo sem Sókrates og Leonardo).

Forysta er afar mikilvægur þáttur þegar innleiða á stefnu. Stjórnvöld og stefnumótandi aðilar innan sveitarfélaga, skólahverfa eða skólaþyrpinga sem og skólastjórnendur gegna mikilvægu hlutverki við að útfæra og innleiða stefnu stjórnvalda í verki. Framlag þeirra ætti að vera dyggilega stutt stefnu sem hefur verið ítarlega kynnt og nýttist þeim í forystuhlutverkinu.

Fjárhagslegt fyrirkomulag sem stuðlar að námi án aðgreiningar

Fjárveiting til sérkennslu er meðal þeirra þátta sem eru afgerandi við ákvarðanatöku vegna náms án aðgreiningar. Ef fjárveiting er ekki í samræmi við yfirlýsta stefnu er ólíklegt að nám án aðgreiningar geti orðið að veruleika. Eftirfarandi atriði varðandi fjárhagslegt fyrirkomulag virðast skila árangri við að koma á námi án aðgreiningar:

- valddreifing við úthlutun á fjárveitingum sem gerir stofnunum innan sveitarfélaga kleift að styðja starf sem skilar árangri. Líklegt er að kerfi sem byggir á valddreifingu sé hagkvæmara og komi betur til móts við þarfir fólks innan sveitarfélaga;
- skólar ættu að hafa sveigjanleika til að nýta fjárveitingu samkvæmt skilgreindum þörfum og kröfum innan ramma

yfirlýstrar stefnu í landinu.

Viðeigandi og sveigjanlegar stuðningsleiðir fyrir kennara sem annast nemendur með sérþarfir ættu í senn að vera markmið og árangur ríkjandi stefnu. Mikilvægt er að stuðningur frá sérhæfðum kennurum sé fyrir hendi þar sem ekki er hægt að vænta þess að allir bekkjarkennarar hafi kunnáttu og sérfræðipækkingu til að takast á við hvers kyns sérþarfir. Stefnumótandi aðilar verða að tryggja að stuðningskerfi kennara sé fjölbreytilegt og komi til móts við staðbundnar þarfir sem og einstaklingsbundnar þarfir.

Takmarkað eða ekkert aðgengi að tiltekinni aðstöðu og úrræðum geta í raun komið í veg fyrir nám án aðgreiningar og að nemendur með sérþarfir hafi jöfn tækifæri.

Íhuga þarf hlutverk sérskóla þar sem sú stefna er almennt ríkjandi í Evrópu að sérskólum skuli breytt í stuðningsmiðstöðvar. Slík þróun er stefnumótandi aðilum skýr vísbending hvað varðar skammtíma- og langtímaáætlanir á sviði hvers kyns úrræða og ráðstafana.

Skilvirkt fyrirkomulag við eftirlit, mat og varðandi ábyrgðarskyldu

Til að ná jákvæðum árangri meðal nemenda með sérþarfir þarf skilvirkt fyrirkomulag við eftirlit og mat á ráðstöfunum. Til að auka samvinnu milli skóla, stefnumótandi aðila og foreldra þarf slíkt fyrirkomulag einnig að vera gegnsætt svo að ábyrgðarskylda gagnvart veittri þjónustu sé meiri, einkum þar sem valddreifing er ríkjandi. Óháð mat á gæðum náms, þegar nemendur með sérþarfir eru annars vegar, ætti því að vera fólgið í því fyrirkomulagi sem beitt er við eftirlit, mat og varðandi ábyrgðarskyldu.

Aukið aðgengi og fleiri tækifæri

Stefnumótun á sviði náms án aðgreiningar snýst um að auka

aðgengi nemenda með sérþarfir að námi og veita þeim tækifæri til að nýta hæfileika sína. Til að stuðla eindregið að því að þessu marki verði náð hafa eftirfarandi stefnumál verið tekin upp:

- að foreldrar eigi fulla hlutdeild í námsferli barna sinna með því að veita þeim aðgang að upplýsingum og sjá til þess að þeir öðlist persónulega reynslu af hvers kyns námsúrræðum og geti á grundvelli þess valið barni sínu farveg;
- að stuðlað sé að því að stofnanir og skólar innan sveitarfélaga ryðji úr vegi hindrunum í námi og námsmati sem koma í veg fyrir aðgengi að námsframboði skóla. Hin læknisfræðilega nálgun við mat á námsþörfum þar sem hugtakið „fötlun“ er notað ætti að víkja fyrir víðtækari kennslufræðilegri nálgun þar sem unnið er að því að veita aðgengi að viðeigandi námi samkvæmt aðalnámskrá. Slíkt væri hægt að gera með því að þróa einstaklingsáætlanir;
- að stuðlað sé að jákvæðum viðhorfum í námi. Viðhorf foreldra og kennara gagnvart námi nemenda með sérþarfir virðist aðallega mótast af persónulegri reynslu þeirra. Taka verður mið af slíkum viðhorfum í menntastefnum þannig að í þeim felist aðferðir og úrræði sem koma til móts við þau;
- að allir kennarar séu hvattir til að axla ábyrgð á öllum nemendum, sama hvaða sérþarfir þeir hafa. Þetta er mikilvægur liður í því að koma á námi án aðgreiningar og ætti að vera órofa hluti af stefnumálum. Afgerandi atriði í þessu samhengi er að veita kennurum faglega þekkingu og færni til að takast á við slíka áskorun;
- að kennurum og öðru starfsfólki sé gefinn kostur á ýmsum sveigjanlegum námsmöguleikum og leiðum. Aldrei verður lögð of mikil áhersla á mikilvægi þess að gera almenna kennara færa um að koma til móts við ólíkar þarfir nemenda;
- að UT (upplýsinga- og samskiptatækni) sé virkjuð eins og kostur er til að draga úr mismunun í námi og styðja við nám án aðgreiningar með því að koma til móts við einstaklingsbundnar þarfir nemenda. Stefnan ætti að

vera sú að nota viðeigandi UT í auknum mæli til að gera viðfangsefnið aðgengilegri og til að settum markmiðum í námi verði náð;

- að stuðningur sé veittur við umskipti úr skóla og út í atvinnulífið með skýrri löggjöf og ráðstöfunum sem stuðla að beinni þátttöku og nánu samstarfi nemanda, fjölskyldu hans og skólans, sem og aðila vinnumarkaðarins og allra viðkomandi aðila.

Þættir í stefnumótun sem þarf að skoða í framtíðinni

Hið efnistengda starf Evrópumíðstöðvarinnar sýnir greinilega að ýmis lykilmálefni varðandi stefnu á sviði náms án aðgreiningar þarfnast vandlegrar athugunar:

- það er vaxandi *spenna* milli þeirrar kröfu annars vegar að skólar sýni aukin akademísk afköst og hins vegar stöðu nemenda með sérþarfir. Þetta er málefni sem þarfnast athugunar bæði nú og til framtíðar. Taka þarf fullt tillit til þess ávinnings sem námsárangur nemenda með sérþarfir skilar;
- þróa þarf kerfisbundnar *aðferðir við eftirlit og mat*. Almenn þarf að fjalla um ábyrgðarskyldu á sviði sérkennslu bæði í skólum án aðgreiningar og í sérskólum og sérdeildum;
- sveigjanleg *úrræði* til stuðnings námi án aðgreiningar verða að vera fyrir hendi í öllum geirum menntakerfisins. Gefa þarf aðlögun nemenda með sérþarfir jafnmikinn gaum á framhaldsskólastigi, við umskipti úr skóla og út í atvinnulífið, í námi að loknu skyldunámi og í fullorðinsfræðslu, eins og á leik- og grunnskólastigi;
- einlægur *ásetningur* um að stuðla að námi án aðgreiningar í viðkomandi löndum mun sýna sig í því að nemendum sem stunda nám við algjörlega aðgreindar aðstæður mun fækka.

Stefnumótandi aðilar þurfa að taka þessi málefni til vandlegrar íhugunar við mótun menntastefnu, bæði á landsvísu og innan



sveitarfélagi.

3. HLUÐI: NIÐURSTÖÐUR UM STEFNU Á EFNISTENGÐUM SVIÐUM

Í þessum kafla er gefið yfirlit yfir meginniðurstöður varðandi stefnu í efnistengdum verkefnum Evrópumiðstöðvarinnar. Þessar niðurstöður lágu til grundvallar meginreglunum í 2. hluta. Upplýsinganna er aflað úr öllum þeim rannsóknarverkefnum Evrópumiðstöðvarinnar (sjá 4. hluta – Tilvísanir og heimildir) sem fjalla um eftirfarandi þrjá málaflokka á sviði sérkennslu: nám án aðgreiningar, fjárveitingar og starfið í skólafunni.

Nám án aðgreiningar í Evrópu

Öll Evrópulöndin hafa nú þegar innleitt stefnu eða eru að innleiða stefnu varðandi nám án aðgreiningar. Finna má ýmsa strauma og stefnur við útfærslu á sérkennslumálum í Evrópu.

Sú stefna er almennt ríkjandi að breyta sérskólum í stuðningsmiðstöðvar, einkum í löndum þar sem hátt hlutfall nemenda stundar nám í sérskólum eða sérdeildum. Þessar miðstöðvar annast almennt eftirfarandi verkefni:

- að sjá um þjálfun og faglegan þroska kennara;
- að þróa og koma bæði námgögnum og aðferðum á framfæri;
- að vera almennum skólum og foreldrum til stuðnings;
- að veita einstökum nemendum tímabundna aðstoð;
- að veita aðstoð við umskipti yfir á vinnumarkað.

Til að starfsemi stuðningsmiðstöðva skili árangri þarf að vera öflugt samstarf milli sérskóla og almennra skóla.

Augljóst er að skilgreining og flokkun á sérþörfum er mismunandi eftir löndum þegar mat á nemendum með sérþarfir er annars vegar. Í sumum löndum eru aðeins ein eða tvær gerðir sérþarfa skilgreindar. Annars staðar eru nemendur með sérþarfir á skólaskyldu dæmi jafnvel flokkaðir í yfir tíu hópa.



Í flestum löndum er farið eftir einstaklingsáætlunum þegar um nemendur með sérþarfir á skólaskyldualdri er að ræða. Í slíkum áætlunum kemur fram hvernig almennri námskrá er fylgt, hvaða viðbótarúrræðum er beitt, hver markmiðin eru og hvert matið á kennslufræðilegri nálgun er.

Svo virðist sem foreldrar hafi almennt jákvæð viðhorf til náms án aðgreiningar, en viðhorf ráðast þó fyrst og fremst af persónulegri reynslu. Sjaldan er getið um jákvæða reynslu af námi án aðgreiningar í löndum þar sem sá sérkennslubúnaður og stuðningur sem sérskólakerfið hefur yfir að ráða stendur ekki til boða innan almennu skólanna. Þegar sértæk úrræði og þjónusta standa til boða í almennum skólum verður viðhorf foreldra jákvæðara.

Í löndum þar sem sérskólakerfið er öflugt fara foreldrar í auknum mæli fram á nám án aðgreiningar. Í löndum þar sem nám án aðgreiningar er almennt í boði eru viðhorf foreldra jákvæð, en þegar um nemendur með miklar sérþarfir er að ræða er sú tilhneiging ríkjandi meðal foreldra (og stundum nemenda sjálfra) að velja heldur sérskóla eða sérdeildir, þar sem talið er að sérskólar búi yfir fleiri úrræðum og að þar sé um meiri kunnáttu og færni að ræða á sérhæfðum sviðum en í almennum skólum.

Fjárveitingar

Teknar hafa verið upp mismunandi leiðir við að fjármagna sérkennslu í Evrópulöndunum, en þó er um tvö ríkjandi mólél að ræða:

- miðstýrt mólél þar sem fjárveitingakerfið er háð ríkjandi stefnu landsins – sem dæmi um slíkt má nefna beint framlag til sérskóla eða einstaklingsbundið fjárveitingakerfi;
- kerfi þar sem valddreifing ríkir og tiltekin svæði eða sveitarfélög bera meginábyrgð á skipulagi sérkennslu og þjónustu.



Í löndum þar sem sérskólar fá beint framlag samkvæmt miðstýrða módelinu sætir það kerfi, sem og ólíkar skipulagsaðferðir, almennt mikilli gagnrýni meðal foreldra, kennara og annarra innan menntageirans, þar sem slíkt leiðir til þess að minna verður um nám án aðgreiningar, meira verður um flokkun og kostnaður eykst. Fjármagni er jafnvel veitt til utanaðkomandi þátta, svo sem málareksturs og greiningarstarfs. Enn fremur kemur í ljós að hlutfallslega fleiri nemendur með sérþarfir stunda nám í sérskólum eða sérdeildum í þessum löndum en annars staðar.

Það fjárveitingakerfi sem byggir á einstaklingsbundnu framlagi (þar sem fjárveitingu er úthlutað til einstakra nemenda í því skyni að koma til móts við sérþarfir þeirra) virðist heldur ekki vera gallalaust. Reynslan sýnir að eigi fjárveitingar að vera einstaklingsbundnar verði viðmið að vera skýr. Sé ekki hægt að móta viðmiðin eru einstaklingsbundnar fjárveitingar ekki heppilegt fyrirkomulag. Almennt virðist ákjósanlegt að fjárveiting til sérkennslu beinist að því að auka möguleika nemenda með sérþarfir í öllu skólakerfinu, þ.e. að skapa þeim aðstæður til náms án aðgreiningar í stað þess að úthluta fjármunum til einstakra nemenda.

Í löndum þar sem valddreifing á sviði fjárveitinga er ríkjandi er reynsla af slíku almennt jákvæð. Í slíkum kerfum færast fjárveiting úr höndum stjórnsýslunnar til svæðisbundinna stofnana (sveitarfélaga, hverfa, skólabyrpinga) þar sem teknar eru ákvarðanir um hvernig fénu skuli ráðstafað og hvaða nemendur skuli fá sérþjónustu. Í löndum þar sem fjárveitingum er svona háttað er getið um afar fáar neikvæðar hliðarverkanir og þar ríkir almenn ánægja með fjárveitingakerfið. Kerfi þar sem sveitarfélög taka ákvarðanir á grundvelli upplýsinga frá stuðnings- eða ráðgjafarmiðstöðvum skóla, og þar sem úthlutun meira fjármagns til sérskóla hefur bein áhrif á þá fjárhæð sem almennir skólar fá, virðast skila mjög góðum árangri hvað varðar uppbyggingu náms án aðgreiningar.

Það virðist þó vera ráðlegt að sú stofnun sem tekur ákvarðanir um hvernig fjárveitingu til sérþarfa skuli varið fái í fyrsta lagi

utanaðkomandi álit sérfræðinga á því sviði og öðlist í öðru lagi færni og aðstöðu til að veita sérfræðipjónustu og ráðgjöf.


Starfið í kennslustofunni

Í verkefnum Evrópumiðstöðvarinnar kemur fram að nám án aðgreiningar fari vissulega fram í kennslustofum um alla Evrópu og að árangursrík kennsla nemenda með sérþarfir komi öllum nemendum til góða.

Hegðunarvandamál og félagsleg og/eða tilfinningaleg vandamál eru tilgreind sem erfiðustu þættirnir varðandi nám án aðgreiningar fyrir nemendur með sérþarfir í almennum skólum. Einn mesti vandinn í kennslustofum er almennt sá að takast á við mismunandi getu nemenda.

Eftirfarandi fimm náms- og kennsluaðferðir virðast skila árangri í skólum án aðgreiningar:

- *samvinna í kennslustörfum* – samstarf kennara við aðra kennara (sérkennara eða starfsfélaga), stjórnendur og annað fagfólk;
- *samvinna í námi* – nemendur sem hjálpast að, einkum þegar geta þeirra er mismunandi, njóta góðs af því að læra saman;
- *samstarf við lausn vandamála* – meðal allra kennara, skýrar bekkjarreglur og fastur rammi – sem allir nemendur eru sammála um – ásamt viðeigandi hvatningu (eða úrtölum) reynast vera áhrifarík leið til að draga úr hvers kyns ónæði í kennslustundum;
- *sundurleitir hópar* – þegar um mismunandi getu er að ræða meðal nemenda í kennslustofunni er nauðsynlegt að blanda þeim í smærri hópa og beita fjölbreyttari kennsluaðferðum;
- *árangursrík kennsla og einstaklingsáætlanir* – allir nemendur, einnig nemendur með sérþarfir, taka meiri framförum en ella þegar kerfisbundið eftirlit, úttekt, áætlanir og mat á starfi þeirra fer fram. Hægt er að aðlaga námsefnið að þörfum þeirra og hægt er að veita þeim góðan viðbótarstuðning með einstaklingsáætlun sem löguð er að almennu námsefni.




Ýmsar aðstæður, sem snerta bæði kennarana og skólann, hafa áhrif á starfið í kennslustofunni og þar með einnig hvernig til tekst með nám án aðgreiningar. Hvað einstaka kennara varðar skal líta til eftirfarandi atriða:

- nám án aðgreiningar er að miklu leyti undir viðhorfi kennara gagnvart nemendum með sérþarfir komið, á skoðun þeirra á mismunandi getu nemenda í bekknum og vilja til að takast á við slíkar aðstæður með jákvæðum og virkum hætti;
- það er fyrst og fremst undir kennurum komið að tryggja að tilteknir nemendur fái aðstoð hjá öðru starfsfólki eða önnur úrræði sér til hjálpar, í nánu samstarfi við alla viðkomandi aðila;
- kennarar gegna lykilhlutverki við að auka hin mikilvægu félagslegu tengsl meðal nemenda. Ánægjuleg samskipti við jafnaldra sína eru nemendum með sérþarfir afar mikilvæg í námi án aðgreiningar.

Hvað skólann varðar:

- skipulagið innan skólans ákvarðar hvers konar úrræðum kennarar geta beitt við kennslu nemenda með sérþarfir. Hægt er að fá stuðning innan skólans en hann má einnig sækja til utanaðkomandi stuðningsþjónustu og samstarfsaðila;
- stundum þarfnast nokkrir nemendur með sérþarfir sérstakrar aðstoðar og nokkrir einkatímar geta gert þessum nemendum fært að stunda nám í almennum bekkjardeildum. Mikilvægt er að þetta fyrirkomulag sé þægilegt og sveigjanlegt og sé ekki einungis ætlað nemendum með sérþarfir, heldur einnig öðrum nemendum bekkjarins þegar þörf krefur.
- færni skóla til að vinna sameiginlega að því að finna leiðir til að koma til móts við sérþarfir getur oft haft úrslitaáhrif á hversu vel tekst til við aðlögun nemenda með sérþarfir í almennum skólum.

-
- 
- forystustarf skólastjóra er afgerandi þáttur varðandi nám án aðgreiningar. Skólastjóri er sá aðili sem oft sér fyrstur til þess að breytingar sem styðja nám án aðgreiningar séu gerðar í skólunum. Slíkar breytingar felast m.a. í því að móta stefnu, skipuleggja hópstarf og sleppa ekki sjónum af lykilatriðum skólastarfsins.
 - það frelsi sem skólinn og skólastjórinn hafa til að ráðstafa fjárveitingum í samræmi við eigin ákvarðanir er þróun náms án aðgreiningar afar mikilvægt.

Það hlutverk sem foreldrar gegna er afgerandi þáttur svo að vel takist til við nám án aðgreiningar. Ekki skal aðeins líta á foreldra sem „þiggjendur“ heldur einnig sem „samstarfsaðila“ í námsferlinu. Foreldrar ættu að láta til sín heyra og taka þátt í skipulagi, útfærslu, mati og uppbyggingu og innihaldi þess náms sem barnið stundar, þar á meðal þróun einstaklingsáætlunar fyrir barnið, í samstarfi við skólann, utanaðkomandi stofnanir og sérfræðinga.

4. HLUÐI: EVRÓPUMIÐSTÖÐIN

Evrópumiðstöðin fyrir þróun í sérkennslu er sjálfstæð Evrópustofnun sem menntamálaráðuneyti þátttökupjóða hennar stofnuðu í því skyni að hún væri samstarfsvettvangur á sviði sérkennslu.

Menntamálaráðuneyti þátttökupjóðanna standa fjárhagslega og pólitískt að Evrópumiðstöðinni: Austurríki, Belgía (flæmskumælandi hluti), Belgía (frönskumælandi hluti), Danmörk, Finnland, Frakkland, Þýskaland, Grikkland, Ísland, Írland, Ítalía, Lúxemborg, Holland, Noregur, Portúgal, Spánn, Svíþjóð, Sviss, Bretland. Tékkland, Eistland, Lettland og Litháen eiga áheyrnarfulltrúa.

Evrópumiðstöðin tekur virkan þátt í samstarfi, viðkomandi aðilum til gagnkvæmra hagsbóta, við aðrar helstu stofnanir og samtök í Evrópu og á alþjóðlegum vettvangi á sviði menntamála og sérkennslu (svo sem framkvæmdastjórn ESB og stofnunum sem tengjast henni, Efnahags- og framfarastofnun (OECD), UNESCO, Evrópska menntanetið (European SchoolNet), Norðurlandaráð). Því getur Evrópumiðstöðin vísað þeim sem til hennar leita til annarra stofnana sem veitt geta upplýsingar og sérfræðiálit sem ekki er á takteinum hjá henni.

Öll starfsemi Evrópumiðstöðvarinnar fer fram með hliðsjón af öllum helstu alþjóðlegu yfirlýsingum á sviði sérkennslu, svo sem viðmiðunarreglum Sameinuðu þjóðanna um jöfn tækifæri fyrir fatlaða (1993), Salamanca-yfirlýsingunni (1994), Lúxemborgarstofnskránni (1996), ályktun Evrópuþingsins um jöfn tækifæri fyrir fatlaða (2001), og Madríd-yfirlýsingu Evrópusamtaka fatlaðra – Jafnrétti og blöndun fatlaðra og ófatlaðra leiða til samfélags án aðgreiningar (2002).

Evrópumiðstöðin leggur sitt af mörkum í umræðu um umbætur í stefnumálum og starfsemi og úrræði fyrir nemendur með sérþarfir og fjölskyldur þeirra. Starfsemin snýst um málefni sem lúta að jöfnum tækifærum, aðgengi og námi án aðgreiningar í því skyni að auka námsgæði nemenda með sérþarfir, jafnframt



Því sem tekið er tillit til þess að stefnumál, starfsemi og aðstæður eru mismunandi eftir löndum.

Helstu markhópar Evrópumíðstöðvarinnar eru stefnumótandi aðilar, sérfræðingar og fagfólk sem hafa áhrif á stefnu og starf á sviði sérkennslu í Evrópu, bæði innan sveitarfélaga og á landsvísu. Auk þess sem Evrópumíðstöðin veitir upplýsingar um alla Evrópu greiðir hún fyrir faglegri þróun með gagnkvæmri og milliliðalausri miðlun upplýsinga og reynslu.

Nánari upplýsingar um starfsemi Evrópumíðstöðvarinnar er að finna á slóðinni:

www.european-agency.org

5. HLUTI: TILVÍSANIR OG HEIMILDIR

Framkvæmdastjórn ESB, DGXXII (1996) **Lúxemborgarstofnskráin**, Brussel, Belgíu.

Evrópusamtök fatlaðra (2002) **Madríd-yfirlýsingin: Jafnrétti og blöndun fatlaðra og ófatlaðra leiða til samfélags án aðgreiningar**. Brussel, Belgíu.

Evrópuþingið: Ályktun um orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar til ráðsins, Evrópuþingsins, efnahags- og félagsmálanefndar og svæðanefndar – **Evrópa án hindrana – fyrir fatlaða**, samþykkt 4. mars 2001 (COM (2000) 284 – C5-0632/2000-2000/2296 (COS)).

Sameinuðu þjóðirnar: **Viðmiðunarreglur SP um jöfn tækifæri fyrir fatlaða**, samþykktar með ályktun allsherjarþingsins 48/96 frá 20. desember 1993.

UNESCO (1994) **Alþjóðleg ráðstefna um sérþarfir í námi: Aðgengi og gæði**. Salamanca: UNESCO.

Efnið sem þessi skýrsla byggir á er sótt í eftirfarandi rit Evrópumíðstöðvarinnar:

Evrópumíðstöðin fyrir þróun í sérkennslu. Ritstjóri: Meijer, C.J.W. (1998). **Nám án aðgreiningar í Evrópu: Stefnan í fjórtán Evrópulöndum**. Middelfart, Danmörk.

Evrópumíðstöðin fyrir þróun í sérkennslu. Ritstjóri: Meijer, C.J.W. (1999). **Sérkennsla og fjárveitingar: Rannsókn gerð í sautján löndum á samhengi milli fjárveitinga til sérkennslu og skóla án aðgreiningar**. Middelfart, Danmörk.

Evrópumíðstöðin fyrir þróun í sérkennslu. Ritstjóri: Meijer, C.J.W. (2003). **Nám án aðgreiningar og starfið í kennslustofunni**. Middelfart, Danmörk.

Evrópumíðstöðin fyrir þróun í sérkennslu. Ritstjóri: Soriano, V.



(1998). **Stuðningur við kennara: Stuðningur við kennara sem starfa við sérkennslu í almennum skólum.** Middelfart, Danmörk.

Evrópumiðstöðin fyrir þróun í sérkennslu. Ritstjóri: Soriano, V. (2002). **Umskipti úr skóla og út á atvinnumarkað: Helstu vandamál, viðfangsefni og möguleikar sem blasa við nemendum með sérþarfir í sextán Evrópulöndum.** Middelfart, Danmörk.

Evrópumiðstöðin fyrir þróun í sérkennslu. Ritstjóri: Watkins, A. (2001). **Upplýsinga- og samskiptatækni á sviði sérkennslu.** Middelfart, Danmörku.

6. HLUTI: NÁNARI UPPLÝSINGAR

Upplýsingar um alla fulltrúa aðildarlanda Evrópumíðstöðvarinnar er að finna á upplýsingasíðum landanna (*National pages*), köflum um fulltrúaráð á vefsetri Evrópumíðstöðvarinnar: www.european-agency.org

Útdrætti og rafrænar útgáfur sem hægt er að sækja á ýmsum tungumálum af öllum heimildaritum þessarar skýrslu er að finna í kafla yfir útgáfufni (*Publications section*) á vefsetri Evrópumíðstöðvarinnar: www.european-agency.org

Prentaðar útgáfur af öllum þessum ritum eru fánlegar án endurgjalds hjá:
secretariat@european-agency.org

Nánari upplýsingar um strauma og stefnur á sviði umskipta úr skóla og út á atvinnumarkað er að finna í gagnagrunninum um umskipti:
www.european-agency.org/transit/index.html
Sérstakt rit um stefnumál á sviði umskipta er fánlegt á vefsetri Evrópumíðstöðvarinnar.

Nánari upplýsingar um strauma og stefnur á sviði upplýsingatækni í sérkennslu er að finna í gagnagrunninum um upplýsingatækni:
www.european-agency.org/ict_sen_db/index.html
Yfirlýsing um framtíðarsýn, þar með talið á sviði upplýsingatækni í sérkennslu, er fánleg á vefsetri Evrópumíðstöðvarinnar.

Nánari upplýsingar um starfið í kennslustofunni og nám án aðgreiningar er á: www.european-agency.org

Evrópumíðstöðin mun gefa út sérstakt rit um stefnumál varðandi starfið í kennslustofunni á árinu 2003. Það verður fánlegt á vefsetri Evrópumíðstöðvarinnar.



Lykilatriði á sviði sérkennslu – Leiðarvísir fyrir stefnumótandi aðila er rit sem fulltrúar Evrópumíðstöðvarinnar hafa unnið að fyrir stefnumótandi aðila. Hér er leitast við að gera á hnitmiðaðan hátt grein fyrir þeim lykilatriðum á sviði stefnumótunar í sérkennslu sem virðast skila árangri þegar um er að ræða nemendur með sérþarfir sem stunda eiga nám án aðgreiningar í almennum skólum.

Þau lykilatriði sem hér er fjallað um og varða stefnu á sviði náms án aðgreiningar eru öll byggð á bestu vitneskju. Þessi samantekt byggist á því efnistengda starfi sem farið hefur fram hjá Evrópumíðstöðinni fyrir þróun í sérkennslu og spannar ýmsa málaflokka, svo sem úrræði, fjárveitingar, stuðning við kennara, skjót afskipti, upplýsinga- og samskiptatækni, umskipti úr skóla og út á atvinnumarkað og starfið í kennslustofunni.

Þessu riti er ætlað að efla þá þróun sem á sér stað á sviði náms án aðgreiningar með því að vera þeim sem hafa með höndum að móta og útfæra stefnu á sviði sérkennslu mikilvægur leiðarvísir í starfi sínu.

